



Forritari - hugbúnaðarþróun

Point á Íslandi er hluti af alþjóðlegri samsteypu og er með starfsemi í 10 löndum. Point leggur áherslu á heildarlausnir í rafrænni greiðslumiðlun. Meginstarfssvið Point er hugbúnaðargerð á því sviði ásamt innflutningi á posum. Fyrirtækið er leiðandi á sínu sviði. Hjá Point á Íslandi starfa nú 14 úrvals sérfræðingar.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess www.point.is

Point ehf. óskar eftir að ráða öflugan og reyndan forritara sem hefur náð góðum árangri í starfi.

Starfið felst í forritun tengt rafrænni greiðslumiðlun og tengingum, samþættingu kerfa ofl.

Í boði er fjölbreytt framtíðarstarf með margvíslegar faglegar áskoranir. Lögð er áhersla á góðan starfsanda og fjölskylduvænt vinnuumhverfi.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í tölvunar- eða verkfræði.
- Starfsreynsla úr sambærilegu starfi er nauðsynleg.
- Þekking og reynsla af Java, .NET, C#, MS SQL, C++ og Windows umhverfi.
- Nákvæmni og samviskusemi.
- Áhugi og sjálfstæði.

intellecta

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) í síma 578 1145. Umsóknarfrestur er til og með 30. janúar nk. Umsókn með ferilskrá óskast fyllt út á www.intellecta.is. **Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.**

Síðumúla 5, 108 Reykjavík
Sími 511 1225 Fax 511 1126
www.intellecta.is

Lava Clinic leitar að öflugum leiðtogum

Iceland Healthcare undirbýr nú opnun Lava Clinic, fyrsta einkasjúkrahússins á Íslandi, í samstarfi við Kadeco. Sjúkrahúsið mun sérhæfa sig í hné- og mjaðmaskiptaaðgerðum ásamt aðgerðum vegna offitu og sérhæfðri endurhæfingu. Markhópur félagsins er alþjóðlegur.

Stefnt er að því að starfsemi sjúkrahússins hefjist um mitt ár 2011 og verða fleiri störf auglýst á næstu vikum og mánuðum. Allt að 300 störf munu skapast í tengslum við starfsemina á svæðinu.

Við leitum að öflugum einstaklingum hér heima, eða búsettum erlendis sem vilja flytjast heim, sem hafa metnað til þess að byggja upp leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki í heilbrigðisferðaþjónustu.

Framkvæmdastjóri hjúkrunar

Helstu verkefni

Kortlagning þjónustunnar
Búa til þjónustuferla
Mynda starfshópa
Yfirumsjón með allri hjúkrun
Gerð fræðsluefnis fyrir sjúklinga
Skipulagning ferða

Við sækjumst eftir

Reynsla af skipulagningu spítalastarfsemi
Sjálfstæðri hugsun og viðsýni
Hæfileikum til að leiða teymisvinnu
Reynsla í stjórnun
Góðri kunnáttu í ensku og norðurlandamáli
Reynsla af alþjóðlegri heilbrigðisþjónustu

Svæfingahjúkrunarfræðingur

Helstu verkefni

Skipulagning svæfingadeildar
Gerð fræðsluefnis á erlendum tungumálum
Þátttaka í skipulagsferlinu

Við sækjumst eftir

Reynsla af störfum á stærri svæfingadeildum
Góðri kunnáttu í ensku og norðurlandamáli
Sveigjanleika og samskiptahæfni

Skurðhjúkrunarfræðingur

Helstu verkefni

Skipulagning skurðeildar
Gerð fræðsluefnis á erlendum tungumálum
Þátttaka í skipulagsferlinu

Við sækjumst eftir

Reynsla af störfum á stærri skurðeildum
Góðri kunnáttu í ensku og norðurlandamáli
Sveigjanleika og samskiptahæfni

Gæðastjóri

Auglýsum eftir manneskju með reynslu í gæðastjórnun í heilbrigðiskerfinu. Helstu verkefni eru eftirlit með húsnæði og starfsemi fyrirtækisins, gerð fræðsluefnis á erlendum tungumálum og aðkoma að skipulagsmálum.

Nánari upplýsingar:

Sveinn Geir Einarsson MD PhD
Framkvæmdastjóri lækninga
sveinn.einarsson@lavaclinic.com

Ráðning er frá 1. mars 2011 eða eftir nánara samkomulagi.
Ferilskrá (CV) og nafn tveggja meðmælenda sendist fyrir
15. febrúar nk. á jobs@lavaclinic.com

Smáratorgi 3
201 Kópavogur
Sími 522 2900
www.lavaclinic.com



Fasteignasala Sölumaður- leigumiðlari

Fasteignasala sem hefur mikil umsvif í fasteigna- og leigumiðlun auglýsir eftir starfsmanni sem hefur viðtæka reynslu af sölu- og leigumiðlun fasteigna, bæði íbúðar- og atvinnuhúsnæðis.

Æskilegt væri að viðkomandi hefði löggildingu til starfars.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf umsækjenda berist á netfangið: box@frett.is merkt „Frumkvæði“ fyrir 29. janúar nk.

Aðstoð á tannlæknasofu

Óska eftir að ráða aðstoðamann/tanntækni sem sinnir einnig ræstungum í rúmlega 50% starf eftir hádegi á tannlæknastofu nálægt Hlemmi.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

Umsóknir berist á netfangið: tannstod@live.com

veisluturninn

Yfirþjónn í veitingasal
(um er að ræða fullt starf í vaktavinnu)

Við leitum eftir faglægðum framreiðslumanni eða einstakling með mikla reynslu af framreiðslustörfum, sterkum stjórnanda með góða, örugga og fagaða framkomu. Einstaklingi sem er jákvæður að eðlisfari og sýnir frumkvæði í starfi.

Í boði er spennandi og krefjandi starf í skemmtilegu umhverfi þar sem mikið reynir á góða þjónustulund og samskiptahæfni.

Umsóknir ásamt ferilskrá og mynd óskast sendar á stefan@veisluturninn.is fyrir 31. janúar en frekari upplýsingar um starfið má finna á heimasíðu okkar www.veisluturninn.is.

nítjándi.

t20

EGILSSON

Sölustjóri í heildsölu

Egilsson hf. leitar að framsæknum, öguðum og talnaglögnum einstaklingi til að stjórna heildsölusviði Egilsson hf. Sölustjóri er ábyrgur gagnvart forstjóra félagsins.

Helstu verkefni:

- Skipulögð og markviss sókn á markaði.
- Agað og framsækið starfsmannahald
- Greining viðskiptamannaflokka og vörugreining
- Reglulegir fundir með solumönnum
- Samskipti við vöru- og innkaupastjóra
- Mánaðarlegir sölu- EBITDA fundir með yfirstjórn,

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sölumennsku og sölustjórnun nauðsynleg
- Háskólapróf æskilegt
- Skipulögð, öguð og markmiðatengd vinnubrögð
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Snyrtimennska og stundvísi
- Geta unnið sjálfstætt og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð kunnátta í excel og helst í notkun OLAP teninga.
- Önnur tölvukunnátta æskileg m.a. Axapta.
- Frumkvæði í starfi, metnaður, áhugi og þjónustulund eru skilyrði.

Um Egilsson

Egilsson hf. er ein af stærstu heildsölum landsins með ritföng, leikföng, gjafavörur og árstíðarbundnar vörur. Egilsson hf. var stofnað 1939 af Sigurði H. Egilssyni. Fyrirtækið hefur verið fjölskyldufyrirtæki frá upphafi. Egilsson hefur að skipa samhentum hópi starfsmanna sem tilbúin er að þjóna fyrirtækjum með þægilega og fjölbreytta þjónustu að leiðarljósi í samræmi við þarfir hvers og eins.

Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar n.k
Umsóknir ásamt ferilskrá og meðmælum berist til atvinna@egilsson.is

Egilsson hf - Köllunarklettsvegi 10 - 104 Reykjavík - S: 575 5700 - www.egilsson.is



NOREGUR KALLAR

AM DIRECT AS starfsmannaleiga verður með kynningu á Grand Hótel Sigtúni 38 Reykjavík þriðjudaginn 25. janúar nk.
frá kl. 11:00 – 16:00

Við eru að leita eftir :

- Fagfólki á heilbrigðisviði
- Mönnum til að sjá um viðhald og viðgerðir á fiskvinnsluvélum.
- Verk- og tækniþæðingum í byggingariðnaði
- Iðnmenntuðu fólki í byggingar og framleiðsluiðnaði.

Hægt er að panta viðtöl frá kl. 14 .00 mánudaginn 24. Janúar í síma 898 0085 eða á netfangi tynes@simnet.is

Þar eru einnig veittar upplýsingar alla virka daga milli kl. 10 – 17.

AM DIRECT AS, Molde Noregi



AM Direct A.s

Ernst & Young er að efla starfsemi sína um öll Norðurlönd. Slástu í hópinn!

Ernst & Young eru í fararbroddi á alþjóðavísu í endurskoðun, skattamálum, viðskiptaráðgjöf og annarri ráðgjafarþjónustu. Starfsfólk okkar, 141.000 manns um allan heim, deilir með okkur sameiginlegu gildismati og óbilandi trú á gæðum. Við leggjum okkar af mörkum með því að aðstoða starfsfólk okkar, viðskiptavinum okkar og samfélögin sem við störfum í við að ná hámarksárangri. Við leitum nú að reyndu og hæfileikaríku starfsfólki á skrifstofur okkar í Reykjavík og Stokkhólmi.

Ernst & Young Ísland - Löggiltir endurskoðendur og sérfræðingar í ráðgjöf

Hjá Ernst & Young hf. starfa um 60 starfsmenn. Við erum önnur kafin og þurfum að bæta við okkur starfsfólki. Þess vegna leitum við að fólki með menntun og reynslu í endurskoðunar- og ráðgjafarstörfum. Okkur vantar löggilta endurskoðendur, viðskiptafræðinga með reynslu og sérfræðinga í fyrirtækjaráðgjöf. Ef þú ert góður námsmaður, hefur náð góðum árangri í starfi, ert leiðtogi og vilt mynda og þróa ný sambönd og starfa í krefjandi umhverfi, þá viljum við gjarnan vita hvort leiðir okkar geti legið saman. Sendu okkur ferilskrá þína eins fljótt og auðið er á netfangið ey@ey.is. Óskirðu frekari upplýsinga hafðu vinsamlegast samband við Axel Ólafsson á netfanginu axel.olafsson@is.ey.com eða í síma 595 25 00.

Ernst & Young Stokkhólmur - Löggiltir endurskoðendur - fjármálafyrirtæki

Starfsemi okkar í Stokkhólmi fer ört vaxandi og við erum að leita að öflugum fagfólki til starfa í vinnuhópum okkar sem veita viðskiptavinum okkar í fjármálafyrirtækjum þjónustu. Störfin krefjast góðra greiningarhæfileika og þekkingar á alþjóðlegum reikningskilastöðlum (IFRS). Þú munt standa frammi fyrir nýjum faglegum áskorunum og þeirri ánægjulegu reynslu sem fylgir því að flytjast til nýs lands! Þú hefur 4-10 ára reynslu í endurskoðun, helst í fjármálaþjónustugeiranum. Þú býrð yfir ríkum hæfileikum til verkefnisstjórnunar, ert leiðtogi og hefur tileinkað þér vinnubrögð við hópinn. Sendu ferilskrá þína eins fljótt og auðið er á netfangið lena.droh@se.ey.com. Óskirðu frekari upplýsinga hafðu vinsamlegast samband við Peter Franks á netfanginu peter.franks@se.ey.com eða í síma +46 8 520 589 73.

Hvert er næsta skref í starfi þínu?

ERNST & YOUNG
Quality In Everything We Do

Capacent Ráðningar

FRAMKVÆMDASTJÓRI



Endurvinnslan er hlutafélag sem stofnað var árið 1989 til verndar náttúru Íslands gegn mengun við notkun einnota drykkjarumbúða og til endurvinnslu þeirra. Endurvinnanlegu umbúðirnar eru seldar úr landi, gjaldeyristekjur á síðasta ári námu um 200 milljónum króna. Endurvinnslan hf. hefur nýtt sér nýjustu tækni og m.a. tekið í notkun afkastamiklar móttöku- og flokkunarvélar sem auðvelda og flýta afgreiðslu. Í landinu starfa um 60 umboðsaðilar og starfsmenn eru 20.

Endurvinnslan óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra í fjölbreytt og krefjandi starf. Um er að ræða áhugavert tækifæri fyrir stjórnanda sem hefur áhuga á viðskiptum og verndun umhverfisins.

Starfssvið

- Stefnumótun og markmiðasetning
- Daglegur rekstur og stjórnun í samræmi við stefnu og markmið
- Ábyrgð á áætlanagerð og eftirfylgni
- Innlend og erlend samskipti
- Samningagerð
- Starfsmannamál

Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðskipta-, verkfræðipróf og/eða önnur sambærileg menntun
- Reynsla af stjórnun, rekstri og áætlanagerð
- Reynsla af samningagerð og stefnumótun
- Leiðtogahæfni og góðir samskiptahæfileikar
- Metnaður og frumkvæði til að ná árangri í starfi
- Góð enskukunnátta og reynsla af erlendum samskiptum

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 30. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

Leiðtogi í skautsmiðju

Alcoa Fjarðaál auglýsir eftir öflugum einstaklingi í starf leiðtoga vakhóps í skautsmiðju.

Vakhópar vinna við framleiðsluferli skautsmiðjunnar, þar sem ný rafskaut eru búin undir að fara í rafgreiningarker og notuð rafskaut eru endurunnin. Um vaktavinnustarf er að ræða.

Almennt um hlutverk leiðtoga hjá Fjarðaáli

- Meginhlutverk leiðtoga er að þjálfa, styðja og leiðbeina starfsmönnum.
- Leiðtogi ber ábyrgð á því að starfsmenn skipti með sér verkum, vinni saman og fylgi framleiðsluáætlun.
- Leiðtogi tryggir að öll verk séu unnin í samræmi við verklagsreglur og stuðlar þannig að öryggi starfsmanna, ásamt hagkvæmum og umhverfisvænum skautsmiðjurekstri.
- Leiðtoginn sér til þess að starfsmenn hafi þau tól og tæki sem þarf til að vinna verkin, metur hæfni þeirra, útvegar nauðsynlega þjálfun og veitir endurgjöf í því skyni að bæta frammistöðu starfsmanna.

Kröfur um menntun og hæfni leiðtoga

- Æskilegt er að leiðtogar hjá Fjarðaáli hafi fjölbreytta menntun og reynslu.
- Umsækjendur þurfa að hafa reynslu af stjórnun.
- Leiðtogi þarf að bera virðingu fyrir ólíkum einstaklingum og búa yfir hæfileikum til að leiða teymi.
- Mikil reynir á samskiptahæfni bæði innan og utan teymisins.
- Leiðtogi þarf að hafa hvort tveggja í senn, frumkvæði og staðfestu. Hann verður að hafa mikinn metnað til að ná árangri og vinna að stöðugum úrbótum. Hann þarf að geta stutt og hvatt starfsmenn, en um leið tekið á vandamálum.
- Leiðtogastarf krefst nákvæmni og skipulagshæfileika. Mikilvægt er að leiðtogi hafi gott vald á íslensku og er kostur að hafa góða enskukunnátta.

Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um starfið.

Áhugasamir eru hvattir til að afla frekari upplýsinga hjá Elínu Jónsdóttur í mannauðsteymi Fjarðaáls, í gegnum netfangið elin.jonsdottir@alcoa.com eða í síma 470 7700.

Skriflegum umsóknum ásamt ferilsskrá skal skilað á www.alcoa.is og er frestur til að sækja um starfið til og með mánudegi 31. janúar 2011.

Álver Alcoa Fjarðaáls við Reyðarfjörð er eitt af þeim fullkomnustu í heiminum og mikið hefur verið lagt upp úr því að búa til góðan og öruggan vinnustað. Starfsmenn vinna saman í teyrum og hafa stöðugar umbætur að leiðarljósi. Vinnustaðurinn býður upp á margvísleg tækifæri til starfsþróunar.

Hraun 1 · 730 Reyðarfjörður · s. 470 7700

Alcoa Fjarðaál
www.alcoa.is



Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

Laust starf hjá Hagstofu Íslands

Sérfræðingur

Hagstofa Íslands leitar að sérfræðingi í tölfraeðilegri úrvinnslu í mannfjölda- og manntalsdeild. Verkefni starfsins snúa að hagskýrslugerð um mannfjölda og búferlaflutninga, þróun á gagnagrunnum og vinnu við rafrænt manntal. Mikilvægt er að viðkomandi hafi áhuga á að vinna í hóp og eigi auðvelt með að starfa með öðrum.

Hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi er æskilegt.
- Mikil þekking og reynsla af gagnagrunnavinnslu (SQL).
- Þekking á lýðfræði er mikill kostur.
- Þekking á tölfraeði er nauðsynleg.
- Góðir samskiptahæfileikar.
- Samvirkusemi og vandvirk vinnubrögð eru þessu starfi mikilvæg.

Um er að ræða fullt starf og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélag.

Borgartúni 21a
150 Reykjavík
Sími 528 1000

Umsóknarfrestur er til og með **11. febrúar 2011** og skulu umsóknir berast á eftirfarandi pósthöfn: *Hagstofa Íslands, starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík* eða rafrænt á netfangið *starfsumsokn@hagstofa.is*. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Nánari upplýsingar um starfið veitir Ólafur Arnar Þórðarson í síma 528 1000 eða á netfanginu *olafur.thordarson@hagstofa.is*.



Hagstofa Íslands

Bífréðasmíður óskast

á viðurkennt réttingaverkstæði á góðum stað í bænum. Með Cabas samninga við tryggingafélagin. Stundvísi og vandvirkni áskilin. Þarf að geta unnið sjálfstætt.

Upplýsingar í síma 893 3108 Pálmi
PS Réttling ehf. Súðarvogi 52-54



ÞJÓNUSTULIÐAR - RÆSTING

í Menntaskólanum í Kópavogi

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða þjónustuliða til ræstinga og umsjónar með umgengni í skólanum. Um er að ræða ½ starf frá kl. 12.00 til 16.00 virka daga.

Laun eru skv. sérstöku samningi Eflingar og fjármálaráðuneytis. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000 hjá skrifstofustjóra eða ræstingastjóra.

Skólameistari

Kerfisstjóri

Vegna aukinna verkefna óskar Parspro.com að ráða kerfisstjóra.

Viðkomandi þarf að hafa góða þekkingu á:

- Linux VMware Jboss Apache

Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu á:

- Cisco LAN/SAN HP vélbúnaði (blöð, diskastæður)
 Squid DNS Nagios

Umsóknir skulu sendar á netfangið: *ppc@parspro.com* fyrir 1. febrúar n.k.

Parspro.com Ltd. er hugbúnaðarframtæki sem sérhæfir sig í þróun og þjónustu við erlend veðmálsframtæki.

Parspro is a complete betting system and service provider to organizations that operate betting on digital media platforms including the Internet, Live betting, Mobile and Digital Television.



Vegmúli 2 - 108 Reykjavík - Sími 511 3711



www.hafnarfjorur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJÖRÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Starfsmann vantar á heimili fyrir fatlaða í Hafnarfirði

Starfsmann vantar í 50% starf á heimili fyrir fatlaða í Hafnarfirði. Um tímabundið starf í vaktavinnu er að ræða. Starfið felur í sér að aðstoða íbúa heimilisins við félagslega færni og athafnir daglegs lífs. Sjálfstæði og frumkvæði í starfi er nauðsynlegt.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Hafnarfjarðar og launanefndar sveitarfélaga.

Upplýsingar um starfið gefur Birna Guðmundsdóttir forstöðuproskafjálfi í síma 865 3346.

Umsóknum skal skila rafrænt á netfangið *birnagu@hafnarfjorur.is* fyrir 24. janúar næstkomandi.



Barnaverndarstofa

Tímabundin staða lögfræðings á Barnaverndarstofu

Barnaverndarstofa óskar eftir lögfræðingi í afleysingum í tíu til tólf mánuði. Lögfræðingur Barnaverndarstofu hefur yfirumsjón með lögfræðilegum úrlausnarefnum á stofnuninni. Meginverkefni eru meðferð og afgreiðsla kvartana yfir málsmeðferð barnaverndarnefnda, eftirlit með störfum barnaverndarnefnda, lögfræðileg ráðgjöf og fræðsla um túlkun og framkvæmd laga og reglugerða, umsagnir til Alþingis og annarra auk þátttöku í þverfaglegu starfi Barnaverndarstofu á sviði stefnumótunar og afgreiðslu einstakra verkefna. Menntun og reynsla af stjórnslu og málsmeðferð barnaverndarmála er æskileg.

Um er að ræða fullt starf en einnig kemur til álita að ráða fleiri en einn einstakling í hlutastarf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst og eigi síðar en 1. apríl nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Við úrvinnslu umsókna um störfin gildir mat Barnaverndarstofu á hæfni og eiginleikum umsækjenda. Laun eru greidd skv. kjarasamningi við Stéttarfélag lögfræðinga.

Umsóknarfrestur er til 1. febrúar 2011. Allar umsóknir gilda í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests ef starf losnar að nýju. Nánari upplýsingar veitir Heiða Björg Pálmadóttir lögfræðingur Barnaverndarstofu í síma 530 2600 (www.bvs.is). Umsóknum má einnig skila rafrænt til *aslaug@bvs.is*.

Hefur þú áhuga á að starfa í Noregi?



Starfakynning á Grand Hótel Reykjavík

Þriðjudaginn 25. janúar á milli kl. 11:00 og 16:00

EURES í Noregi í samvinnu við Vinnuálastofnun og EURES á Íslandi stendur fyrir starfakynningu á Grand Hótel Reykjavík þriðjudaginn 25. janúar á milli kl. 11:00 og 16:00.

Eftirtalin fyrirtæki kynna laus störf í Noregi:

Tide Buss AS (www.tide.no), Manpower/ Manpower Helse (www.manpower.no), AM Direct (www.amdirect.no), Din Bemanningspartner (www.db-partner.no).

Kynningin er öllum opin en einkum er eftirspurn eftir fólki úr eftirtöldum starfsstétum:

hjúkrunarfræðingum, ljósmæðrum, byggingarverkfræðingum, iðnaðarmönnum, meiraprófsbílstjórum (rútu- og strætisvagna), leikskólakennurum og mjólkurfræðingum.



www.eures.is

Kynningar- og vefstjóri við Hugvísindasvið

Hugvísindasvið óskar eftir að ráða kynningar- og vefstjóra til starfa á skrifstofu fræðasviðsins.

Meginþáttur starfsins er að sjá um vef fræðasviðsins og deilda þess, semja texta og setja inn efni fyrir fræðasviðið. Starfsmaðurinn leiðir uppbyggingu á vef sviðsins í nánu samstarfi við markaðs- og samskiptasvið Háskólans, hefur frumkvæði að kynningu á starfi fræðasviðsins og deilda, stýrir markaðsstarfi sviðsins, sér um almennt kynningarefni, bæklinga og auglýsingar auk þess að taka þátt í öðru útgáfustarfi á fræðasviðinu og annast samskipti við fjölmiðla.

Sjá nánar um hæfniskröfur og fleira á www.hi.is/skolinn/laus_storf og www.starfatorg.is

Frekari upplýsingar veitir Óskar Einarsson rekstrarstjóri í síma 525 5236, netfang: oe@hi.is

Við ráðningar í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Sumarstörf hjá Arion banka

Arion banki leitast að metnaðarfullu fólki í ýmis störf í útibúum og í nokkur störf í höfuðstöðvum bankans sumarið 2011.

Við viljum fá til liðs við okkur öfluga einstaklinga sem hafa metnað til að starfa hjá framsæknu fyrirtæki. Við bjóðum krefjandi og skemmtilegt starfsumhverfi og lærdómsríka reynslu sem mun nýtast í framtíðarverkefnum.

Menntun:

- Stúdentspróf er skilyrði fyrir starfi í útibúi
- Umsækjendur um störf í höfuðstöðvum þurfa að hafa lokið a.m.k. eins árs námi í háskóla við upphaf starfs
- Óskað er sérstaklega eftir námsmönnum í viðskiptafræði, hagfræði, tölvunarfræði og verkfræði

Hæfniskröfur:

- Þjónustulund og góðir samskiptahæfileikar
- Góð tölvuþekking
- Góðir námshæfileikar
- Sjálfstæð vinnubrögð

Við hvetjum áhugasama til að sækja um á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is. Óskað er eftir að ferilskrá og einkunnir fylgi umsókn.

Umsóknarfrestur er til og með 13. febrúar 2011. Öllum umsóknum verður svarað í síðasta lagi 15. apríl 2011.

Nánari upplýsingar veitir Lilja Guðrún H. Róbertsdóttir starfsmannasviði, netfang lilja.robartsdottir@arionbanki.is.

Arion banki

HJÚKRUNARFRÆÐINGUR MEÐ SÉRMENNTUN - VILT ÞÚ BREYTA TIL?

Kynntu þér atvinnutækifæri í Noregi. Óskum eftir ljósmæðrum og sérhæfðum hjúkrunarfræðingum til að starfa við gjörgæsluhjúkrun, skurdhjúkrun, svæfingahjúkrun og bráðahjúkrun í skemmi og lengri tíma í Vestfold fylki, Akershus fylki og Osló. Þetta er spennandi tækifæri til að auka vísýni og styrkja starfshæfni.

Gilt starfsleyfi og tungumálakunnátta nauðsynleg.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu okkar www.solstodur.is. Starfsviðtal er hægt að panta hjá Rósu Þorsteinsdóttur, ráðningarstjóra, í síma 514 1452 eða 861 6357, eða á tölvupóstfanginu rosa@solstodur.is.

Sólstöður er félag sem sérhæfir sig í að útvega heilbrigðisstarfsfólki afleysingastörf til lengri eða skemmi tíma erlendis. Áreiðanleiki og traust er ávallt haft að leiðarljósi í störfum félagsins.

Sólstöður ehf. Laugavegi 182, 105 Reykjavík, sími: 5141452



Reiknistofa bankanna auglýsir laus störf

Reiknistofa bankanna er traust og öflugt þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni sem þjónar bönkum, sparisjóðum, kortafyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum. Hjá fyrirtækinu starfa um 120 manns. Reiknistofa bankanna er nú hlutafélag og framundan eru spennandi tímar og nýjar áskoranir.

Kerfisstjóra í notendabjónustu

Hlutverk: Umsjón með uppsetningu og viðhaldi borðtölva starfsmanna, þjónusta við notendur.

Æskilegt að umsækjendur hafi Microsoft prófgráður, eða starfsreynslu.

Kerfisstjóra í sérkerfum

Hlutverk: Umsjón með uppsetningu og viðhaldi kerfa sem vinna á Windows eða Unix stýrikerfum og nýta DB2 eða Oracle gagnagrunna.

Æskilegt er að umsækjendur hafi háskólapróf í tölvunarfræði eða sambærilega menntun, eða umtalsverða starfsreynslu.

Kerfisforritara í beinlínakerfum

Hlutverk: Uppsetning og eftirlit með sívinnslakerfum í stórtölvuumhverfi.

Æskilegt er að umsækjendur hafi háskólapróf í tölvunarfræði eða svipaða menntun með nokkra starfsreynslu. Einnig er reynsla af IBM-stórtölvuumhverfi, z/OS stýrikerfi og CICS beinlínakerfum æskileg.

Kerfisstjóra netþjóna

Hlutverk: Uppsetning og rekstur netþjóna, einkum með Windows Server 2010.

Leitað er að starfsmanni með háskólapróf í tölvunarfræði eða svipaða menntun, með nokkra starfsreynslu. Æskilegt er reynsla af Windows og/eða Linux Server umsýslu, reynsla af IBM WebSphere er kostur.

Kerfisfræðinga

Hlutverk: Kerfissetning og forritun á sviði fjármálaþjónustu.

Æskilegt er að umsækjendur hafi háskólapróf í tölvunar- eða kerfisfræði, eða sambærilega menntun, og eða töluverða reynslu af kerfissetningu og forritun.

Almennar kröfur til umsækjenda:

- Sýna frumkvæði og metnað í starfi
- Hafa góða samskiptahæfileika
- Geta unnið undir álagi

Reiknistofan býður:

- Fjölbreytt tækniumhverfi, á stórtölvum og smátölvum
- Fjölbreytt hlutverk í öguðu umhverfi, við hlið mjög reyndra samstarfsmanna
- Nauðsynlega viðbótarmenntun sem eykur þekkingu og hæfni
- Góða starfsaðstöðu

Nánari upplýsingar veitir Guðbrandur Jónasson, starfsmannastjóri í síma 569 8877 eða á netfanginu gudbrandur@rb.is.

Með umsóknir og fyrirspurnir verður farið sem trúnaðarmál.

Umsókn má fylla út á www.rb.is eða senda ferilskrá á gudbrandur@rb.is fyrir 4. febrúar nk.

Reiknistofa bankanna - Kalkofnsvegi 1 - 150 Reykjavík

Capacent Ráðningar

VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



Sérfræðingur á upplýsingasviði Seðlabanka Íslands

Seðlabanki Íslands auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings á upplýsingasviði bankans. Upplýsingasvið annast öflun, skráningu og úrvinnslu tölfraðilegra gagna sem Seðlabankinn safnar vegna starfsemi sinnar, rekur jafnframt tölvakerfi bankans og gagnagrunna.

Starfssvið sérfræðingsins felst í:

- Söfnun gagna í gagnagrunna og gæðaskoðun gagna
- Samskipti við fjármálafyrirtæki sem bankinn aflar gagna frá
- Úrvinnsla gagna til birtingar í ritum bankans og í Hagtölum Seðlabankans
- Þróun á gagnagrunnum bankans í samvinnu við önnur svið

Leitað er eftir einstaklingi með viðskipta- eða hagfræðimenntun eða sambærilega menntun, með haldgóða þekkingu á fjármálafyrirtækjum, fjármálamörkuðum, reikningsskilum og ársreikningum. Krafa er gerð um frumkvæði, nákvæmni og vandvirkni í vinnubrögðum, auk góðra samskiptahæfileika og hæfni til að vinna í hóp.

Stefnt er að því að ráða í stöðuna sem fyrst. Ráðning miðast við fullt starf.

Nánari upplýsingar veitir Tómas Örn Kristinnsson, framkvæmdastjóri upplýsingasviðs, í síma 569 9600. **Umsóknnum skal skilað eigi síðar 7. febrúar 2011** til rekstrarstjóra Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík eða á tölvupóstfangið umsoknir@sedlabanki.is

YFIRVÉLSTJÓRI

Evrópskt útgerðarfyrirtæki leitar að yfirvélstjóra á frystitogara sem stundar veiðar í Barentshafi. Viðkomandi þarf að hafa full réttindi (4. stig) og reynslu af frystitogara vélstjórn. Enskukunnáttu nauðsynleg.

Um er að ræða langtímarstarf. Yfirvélstjóri er á aflahlut en kauptrygging á sjó eru 10.000 evrur á mánuði.

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsóknir, með upplýsingum um menntun og fyrri störf, með tölvupósti til: barentstrawl@live.com.



Læknir - Rannsóknastofa í meinafræði

Laust er til umsóknar starf læknis (kandidats, aðstoðarlæknis, deildarlæknis) á rannsóknastofu í meinafræði. Starfið er þegar laust, í 3-12 mánuði eftir samkomulagi. Starfshlutfall er 100% eða samkomulag. Starfið hentar þeim vel sem vilja kynna sér hvort læknisstarf innan sérgræinarnar komi til greina sem framtíðarstarf.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Þátttaka í vinnslu innsendra vefjasýna
- » Þjálfun í vefjagreiðingu
- » Þátttaka í rannsóknvinnu
- » Þátttaka í krufningum

Hæfnikröfur

- » Almenn eða takmarkað (kandidat) íslenskt lækningaleyfi
- » Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar um starfið

- » Umsóknarfrestur er til 07.01.2011. Sótt er um starfið rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is.
- » Upplýsingar veita Jóhannes Ö. Björnsson, yfirlæknir, johbj@landspitali.is, sími 543 1000 og Þóður Tryggvason, umsjónardeildarlæknir, thordurt@landspitali.is, sími 543 1000.
- » Ákvörðun um ráðningu í starfið byggist á viðtölum og innsendum gögnum. Umsókn skulu fylgja náms- og starfsferilskrá.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Jóhannesi, yfirlækni, LSH Rannsóknastofa í meinafræði, hús 8 við Hringbraut

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf“. Ef ekki eru tók á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublaðið í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut og hjá mannauðssviði, Eiríksgötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknunum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Landspítali er reyklaus vinnustaður

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

Work in Norway?

Manpower Norway is visiting Reykjavik soon to recruit.
We invite you to come meet us!



Have you thought about living and working in Norway for some period of time? Norway offers high standard of living and competitive salaries, and by joining Manpower you can choose between both temporary and permanent jobs.

We would like to get in touch with motivated candidates, and especially **Kindergarten Teachers or Pedagogical leaders** for age 1-6 years. In addition we are looking for Drivers class C & CE, Welders, Mechanics, Construction workers, Trade Finance Advisers and candidates with experience from the oil industry. Information meetings will be held for 2 days.

Location: Grand Hotel Reykjavik, Sigtún 8, 105 Reykjavik
Dates: Monday January 24th at 16.00 – 19.00
Tuesday January 25th at 10.00 – 16.00

Please come prepared with your CV and copy of exam papers. If you have questions or would like to schedule your job interview during one of these days, please contact:

Monica Knutsen Figueroa, Manpower International Recruitment
Phone: 0047 970 22 410 – mail: mkdfig@manpower.no
For more information see www.manpower.no



STARFSMAÐUR Í MÖTUNEYTI

Sláturfélag Suðurlands leitar að áhugasömum og dugmiklum einstaklingi til að starfa í mötuneyti félagsins á Fosshálsi 1, Reykjavík. Vinnutími er frá kl. 7:30-15:30 alla virka daga. Starfið felst í framreiðslu matar, uppvaski, frágangi og þrifum í eldhúsi og matsal. Hæfniskröfur:

- Reynsla af sambærilegu starfi
- Sjálfstæði í starfi
- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi
- Geta unnið undir álagi
- Fáguð framkoma, þjónustulund, jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Upplýsingar um starfið gefur Elín Einarsdóttir í síma 575 6000. Umsóknir berist SS, Fosshálsi 1, 110 Reykjavík, einnig er hægt að sækja um á vefsíðu félagsins www.ss.is Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar 2011.

Sláturfélag Suðurlands er leiðandi matvælaafyrirtæki með starfsstöðvar í Reykjavík, á Selfossi og á Hvolsvelli. Hjá félaginu starfa um 350 starfsmenn. Upplýsingar um SS er að finna á heimasíðu fyrirtækisins – www.ss.is.



Forstöðumaður skjalasafns Háskóla Íslands

Laust er til umsóknar starf forstöðumanns skjalasafns Háskólans.

Forstöðumaður skipuleggur starf skjalasafnsins, stýrir daglegum rekstri og ber ábyrgð á verkefnum þess og samþættingu skjalastjórnunar í sameiginlegri stjórnsýslu, fræðasviðum, deildum og stofnunum Háskólans. Þá ber hann ábyrgð á rekstri rafræns skjalastjórnunarkerfis, fjármálum safnsins og starfsmannamálum.

Umsóknarfrestur er til 31. janúar 2011.

Sjá nánar um hæfniskröfur og fleira á www.hi.is/skolinn/laus_storf og www.starfatorg.is

Frekari upplýsingar veitir Magnús Diðrik Baldursson, skrifstofustjóri rektorsskrifstofu, í síma 525-4206, netfang: mb@hi.is.

Við ráðningar í störf í Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

HOLTSBÚÐ HJÚKRUNARHEIMILI GARÐABÆ

Óskum eftir hjúkrunarfræðingi eða sjúkraliða með sérnám í öldrunarhjúkrun í 40% starf kvöld og helgarvinnu. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar veitir Vilborg Helgadóttir hjúkrunarforstjóri
Síma 535- 2200 - netfang: vilborg@holtsbud.is

Vit erum að leita að þér!

Ertu framfærin/n og skemmtileg(ur)?

Ef svo er þá biðjum við þig að koma í liðið okkar.


Hentar vel sem aðalvinna, aukavinna eða hlutastarf!

atvinna@gottkort.is

GOTTKORT **KREDITKORT**
er útgáfandi Gottkort



Míla leitar að öflugum viðskiptastjóra



Helstu verkefni:

- Sala á þjónustu til núverandi viðskiptavina Mílu
- Öflun nýrra viðskiptatækifæra
- Fagleg ráðgjöf um vörur og þjónustu Mílu
- Skipulagning heimsóknna til viðskiptavina Mílu
- Svörun við daglegum fyrirspurnum viðskiptavina

Hæfniskröfur:

Háskólamenntun er skilyrði auk þess sem reynsla af sölu og ráðgjöf er nauðsynleg ásamt áhuga á fjarskiptum. Reynsla af fjarskiptum er kostur.

Aðrar kröfur sem gerðar eru til starfsmanna Mílu eru:

- Fagmennska
- Þjónustulund
- Framsýni
- Góð samskiptahæfni og áreiðanleiki

Umsóknarfrestur er til **3. febrúar 2011**

Upplýsingar veitir Guðrún Árnadóttir í síma 585 6303 frá kl. 14 -16 alla virka daga. Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli, sem og nöfn og símanúmer meðmælenda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar. Umsóknir skulu sendar á umsoknir@mila.is.

Míla byggir upp og rekur fullkomnasta fjarskiptanet á Íslandi. Míla sér fjarskipta- og afþreyingarfyrirtækjum fyrir aðstöðu og dreifileiðum um net ljósleiðara og koparstrengja sem tengja byggðir landsins við umheiminn. Míla er lífæð samskipta.

Gildi Mílu eru virðing, forysta og traust.



Míla ehf. • Stórhöfða 22 • Sími 585 6000 • www.mila.is

ENMEM / SIA / NM45056



MOSFELLSBÆR



Lágafellsskóli Mosfellsbæ

Leitar að áhugasömum og dugmiklum matreiðslumanni. Viðkomandi þarf helst að geta hafið störf 22. febrúar og eigi síðar en 1. mars nk.

Helstu verkefni:

Matráður er starfsmaður Lágafellsskóla og starfar undir stjórn skólastjóra. Matráður skal gegna starfinu samkvæmt grunnskólalögum, reglugerðum, starfslýsingu, kjarasamningum, stefnu Mosfellsbæjar um skólalagningu og mannauðsstefnu Mosfellsbæjar. Matráður annast daglegan rekstur og verkstjórn skólalagningu Lágafellsskóla í samvinnu við skólastjóra. Í starfinu felst m.a. undirbúningur, matseld og framreiðsla þeirra máltíða sem nemendum og starfsmönnum standa til boða.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Matreiðslumeistari
- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi
- Skipulögð vinnubrögð
- Rík þjónustulund, jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Hæfileiki til að vinna undir álagi
- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg
- Kunnátta í notkun Word og Excel sem og þekking á tölvupóstforriti og netnotkun áskilín

Umsóknarfrestur er til og með 28. janúar 2011.

Laun samkvæmt kjarasamningi Stamos og Sambands ísl. sveitarfélaga.

Upplýsingar veita: Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 5259200 eða 8968230 og Ásta Steina Jónsdóttir, deildarstjóri í síma 5259200 og 6920233.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netföngin johannam@lagafellsskoli.is eða asta@lagafellsskoli.is.

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

Hugbúnaðarsérfræðingur LINUX / AIX umhverfi

Isavia ohf. óskar eftir að ráða öflugan einstakling í starf hugbúnaðarsérfræðings í kerfiseild fyrirtækisins á Reykjavíkflugvelli.

Við leitum að starfsmanni sem hefur góða samskiptahæfileika, hefur frumkvæði í starfi, getur unnið undir álagi, er skipulagður í verkum sínum og hefur lipra og þægilega framkomu.

Starfssvið

Kerfiseild sér um rekstur tölvukerfa í flugstjórnarmiðstöðinni á Reykjavíkflugvelli, fjarskipta-stöðinni í Gufunesi og á Keflavíkflugvelli. Tölvukerfin eru m.a. fluggagnakerfi og ratsjárkerfi, sem bæði vinna með rauntímaupplýsingar um flugumferð á Íslandi og Norður-Atlantshafi.

Helstu verkefni felast m.a. í uppsetningu, eftirliti og viðhaldi kerfa. Í starfinu felst einnig fyrirbyggjandi viðhald, greining bilana og ákvörðun viðbragða við þeim. Viðkomandi mun einnig koma að forritun vegna viðhalds kerfa í notkun, þarfagreiningu vegna nýrra verkefna, gerð kerfislýsinga vegna áætlanagerðar og mati á umfangi verkefna, uppsetningu og prófunum á hugbúnaði og fleiri spennandi verkefnum. Starfið er ýmist unnið á dagvöktum eða á virkum dögum.

Hæfniskröfur

Við gerum kröfu um háskólapróf í tölvunarfræði eða sambærilega menntun. Reynsla af LINUX og TCP/IP netumhverfi er æskileg. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi gott vald á íslenski og enski tungu.

Krafa er um að umsækjendur búi á Reykjavíkursvæðinu vegna bakvakta. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Umsóknir

Upplýsingar um starfið veitir Sigurður Hauksson, deildarstjóri kerfiseildar í síma 424 4207.

Umsóknum skal skilað rafrænt inn á heimasíðu Isavia www.isavia.is fyrir 4. febrúar.



Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna

Hjá Isavia ohf. starfa um 600 manns. Helstu verkefni fyrirtækisins eru að sjá um rekstur flugstöðva, uppbyggingu og rekstur flugvalla og veita flugleiðsögupjónustu fyrir innanlands- og millilandaflug auk yfirflugþjónustu yfir Norður-Atlantshafið. Isavia ohf. leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna.

Auglýsingasími

512 50 50



Allt sem þú þarft...

next

NEXT, Kringlunni

leitar að starfsmanni í sölu og ráðgjöf á dömufatnaði ásamt almennum verslunarstörfum og framsetningu á tiskuvöru.

Hæfniskröfur

- Rík þjónustulund
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur en ekki skilyrði
- Sjálfstæði, frumkvæði og vinnusemi
- Áhugi á tísku og útliti er mikill kostur
- Reglusemi og stundvísi er skilyrði
- Æskilegur aldur; 30 ára eða eldri

Nánari upplýsingar veitir Haraldur Bergsson, haraldur@next.is.
Umsóknarfrestur er til 31. janúar 2011. Umsóknir, með ferilsskrá, sendist á haraldur@next.is.

ÍSTAK

Framkvæmdagleði í fyrirrúmi



VEGNA FRAMKVÆMDA VIÐ BÚÐARHÁL SVIRKJUN

STARFSMENN TIL JARÐGANGAGERÐAR

Vegna framkvæmda við Búðarhálsvirkjun óskar ÍSTAK eftir að ráða til starfa einstaklinga vana jarðgangagerð.

RAFVIRKJAR / RAFVEITUVIRKJAR

Vegna framkvæmda við Búðarhálsvirkjun óskar ÍSTAK eftir að ráða til starfa rafvirkja / rafveituvirkja. Í starfinu felst meðal annars rekstur á rafveitu við jarðgangagerð ásamt viðgerðum og viðhaldi á tækjum og búnaði. Æskilegt er að umsækjandi hafi einhverja reynslu af vinnu við háspennu.

Upplýsingar um störf og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.

ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 500 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.

ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stór-iðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvallar. Ennfremur húsbýggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og samgöngusvið



Umhverfis- og þróunarfulltrúi

Umhverfis- og samgöngusvið auglýsir laust til umsóknar starf umhverfis- og þróunarfulltrúa hjá Skrifstofu Náttúru og útivistar.

Skrifstofa Náttúru og útivistar hefur umsjón með náttúruverndarmálum, gerð útivistarsvæða og viðhaldi gróðurs í borgarlandinum og með skráðgördum borgarinnar. Skrifstofan leigir út matjurtagarða og rekur ræktunarstöð. Grasagarður Reykjavíkur og Náttúruskólinn heyra undir skrifstofuna.

Skrifstofan rekur Vinnuskóla Reykjavíkur sem veitir reykiviskum unglimum möguleika á atvinnuþátttöku. Fræðsla fyrir nemendur og leiðbeinendur er starfrækt hjá Vinnuskólanum með áherslu á umhverfis- og garðyrkjumál, tjárækt og verkunnáttu. Vinnuskólinn er Grænfaaskóli og hefur sett sér umhverfis-sáttmála sem umhverfisráð skólans tók þátt í að móta.

Starfið felst m.a. í:

- Gerð umsagna um erindi er varða náttúru og græn svæði borgarinnar.
- Skipulagningu og utanumhald vegna fjölskyldugarða í Reykjavík.
- Að þróa og innleiða umhverfisáherslur fyrir starfsemi Vinnuskólans.
- Að skipuleggja fræðlustarf Vinnuskólans með áherslu á garðrækt, náttúruvernd og umhverfisfræðslu.
- Umsjón með þróunarverkefnum Vinnuskólans.
- Þátttöku í fjölbreyttum verkefnum er varða náttúru borgarlandsins.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði umhverfisfræði, náttúrufræði, líffræði eða sambærileg menntun.
- Lipurð í mannlegum samskiptum, dugnaður og samstarfshæfni.
- Viðkomandi þarf að geta unnið vel undir álagi og geta tjáð sig í riti og ræðu.
- Áhugi, jákvæðni og vilji til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni.
- Reynsla af starfi á vettvangi umhverfismála æskileg.
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfileikar.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélag og Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar veita Þórólfur Jónsson, skrifstofustjóri skrifstofu náttúru og útivistar (thorolfur.jonsson@reykjavik.is) og Helga Björg Ragnarsdóttir starfsmannastjóri (helga.bjorg.ragnarsdottir@reykjavik.is) hjá Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, frá kl. 9-16 í síma 411 1111.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um stafíð á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is. Ferilsskrár, afrit af prófskríteinum og önnur gögn skal senda inn sem viðhengi með umsókn eða á netfang Þórólfs eða Helgu Bjargar.

Umsóknarfrestur er til 6. febrúar 2011.

LAUS STÖRF

Héraðsdómslögmaður

Helstu verkefni:

- Lögfræðileg innheimta
- Rekstur dómsmála
- Samningagerð
- Almenn lögfræðistörf

Hæfniskröfur:

- Lögfræðingur með hdl réttindi
- Reynsla af innheimtustörfum æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Frumkvæði í starfi
- Þekking á innheimtakerfi lögmanna (IL+)

Aðstoðarmaður lögmanna

Helstu verkefni:

- Skráning mála í innheimtakerfi lögmanna
- Útbúa stefnur, kröfulýsingar, nauðungar-sölubeiðnir, aðfararbeiðnir
- Almenn aðstoð við lögmenn
- Svára fyrirspurnum viðskiptavina

Hæfniskröfur:

- Reynsla af innheimtustörfum og innheimtakerfi lögmanna (IL+)
- Góð almenn tölvukunnátta
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Frumkvæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Starfsmaður í lögfræðideild

Helstu verkefni:

- Almenn aðstoðarstörf í lögfræðideild s.s.
- Skönnun skjala
- Frágangur skjala/skjlastjórnun
- Innsláttur í tölvukerfi
- Aðstoð við símsvörun
- Sendiferðir

Hæfniskröfur:

- Góð almenn tölvukunnátta
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á IL+ góður kostur
- Stúdentspróf
- Bílpróf

Upplýsingar veitir:

sigridur@dromi.is

Umsóknir og ferilsskrár skal senda á ingak@dromi.is

Umsóknarfrestur er til og með 1. febrúar nk.

Drómi hf er eignarhaldsfélag þrotabús SPRON sem stofnað var samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Hjá félaginu starfa 46 manns.

DRÓMI

LÁGMÚLI 6 108 REYKJAVÍK SÍMI 540-5000

MARKAÐSFULLTRÚÍ



World Class óskar eftir að ráða til sín markaðsfulltrúa með reynslu í markaðsmálum

Starfssvið:

- Markaðs- og kynningarmál
- Vefmál

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi æskileg
- Frumkvæði, metnaður, skipulagshæfni og framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Kunnátta á Navision tölvukerfi kostur
- Þekking á grafískri hönnun æskileg

Um er að ræða fullt starf í skemmtilegu starfsumhverfi. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir berist til Berglindar Hreiðarsdóttur mannauðsstjóra, bergind@worldclass.is

Skilafrestur umsókna er til 30. janúar 2011. Einnig er hægt að fylla út umsókn á heimasíðu okkar www.worldclass.is

Gildi World Class

Þjónusta • samvinna • þekking

ERTU MEÐ MEIRAPRÓF?



Park ehf. óskar eftir að ráða starfsfólk til starfa á götusópum fyrirtækisins. Umsækjendur þurfa að hafa **meirapróf** og reynslu af því að stjórna sambærilegum tækjum. Mikilvægt er að þeir hafi góða samskiptahæfni, séu sveigjanlegir og sýni frumkvæði og metnað í starfi.

Einungis **heiðarlegir** og **áreiðanlegir** einstaklingar sem starfað geta undir álagi koma til greina.

Sendu umsókn þína á tölvupóstfangið park@park.is fyrir **25. janúar**.



Conditions

The position is placed at grade A4 of the salary scale, starting at € 81.591,72 per year. Appointments are normally made at Step 1 of a grade. A higher step can be considered on the basis of the candidate's qualifications and experience. Depending on, inter alia, the candidate's family status, allowances and benefits may apply. Favorable tax conditions apply.

Overview of conditions at:

www.eftasurv.int/about-the-authority/vacancies/recruitment-policy.

While its staff members shall normally be nationals of one of the three EFTA States party to the EEA Agreement, the Authority will also consider other applications, primarily those of nationals of the other States that are party to the EEA Agreement.

Start date: Summer 2011

Type and duration of appointment: fixed-term contract of three years.

Job title: Officer.

If considered desirable, an additional fixed-term contract of three years may be offered.

Interviews: March 2011

Application must be filled in and sent online at the following address:

<https://jobs.eftasurv.int>

Questions regarding the recruitment process may be posed to Mr Erik J. Eidem, Director of Administration, on +32 (0)2 286 18 90 or Mrs Sophie Jeannon, HR Assistant, on +32 (0)2 286 18 93.

EFTA Surveillance Authority webpage: www.eftasurv.int

The EFTA Surveillance Authority monitors compliance with European Economic Area rules in Iceland, Liechtenstein and Norway, enabling them to participate in the European internal market. In monitoring and enforcing the EEA Agreement, the Authority has powers that correspond to those of the European Commission. The Authority is based in Brussels and operates independently of the EFTA States. The Authority is led by a College which consists of three members appointed by the EEA EFTA States.

Officer in Environmental Law

JOB REFERENCE : 03/11

Role description:

The successful applicant will be assigned responsibility for general surveillance work (case handling) relating to the EEA EFTA States in the field of the environmental law, in particular climate change policies, and related issues; e.g. dangerous substances and chemicals.

This position is placed in the Internal Market Affairs Directorate.

Essential:

- University degree in law or other relevant field
- Specialised knowledge in EU/EEA environmental law, and in particular relating to climate change, dangerous substances and chemicals
- Extensive relevant working experience in private and/or public sector
- Excellent command of written and spoken English
- Computer literacy
- Ability to work both independently and in a team in an international environment

Desirable:

- Knowledge of and familiarity with the functioning of the European Economic Area, and the EFTA States
- Professional experience involving the institutions of the EU and the EEA
- Good understanding of Norwegian, Icelandic, or German (EFTA languages)

Deadline for application: 21 February 2011.

Questions regarding the post may be posed to Tuula Nieminen, Acting Director, on +32(0)2 286 18 68.

Officer in Veterinary & Food Law

JOB REFERENCE : 06/11

Role description:

The successful candidate will work with legal aspects related to veterinary legislation, implementation and application of legislation in related fields of work (e.g. seeds, fertilizers, product safety).

This position is placed in the Internal Market Affairs Directorate.

- Very good knowledge in the European legal framework for food hygiene and food safety
- Excellent command of written and spoken English, the working language of the Authority
- Computer literacy
- Ability to work both independently and in a team in an international environment

Essential:

- University degree in law
- At least three years of relevant professional experience

Desirable:

- Professional experience relating to the application of the European legal framework for food hygiene and food

safety

- Post graduate degree in European law
- Professional experience involving the institutions of the EU or the EEA
- Understanding of Norwegian, Icelandic, or German (EFTA languages)

Deadline for application: 28 February 2011.

Questions regarding the post may be posed to Mr Ólafur Valsson, Deputy Director, on +32 (0)2 286 18 68.

Transport Officer/Inspector

JOB REFERENCE : 02/11

Role description:

The successful candidate will be assigned responsibility for general surveillance work and case handling relating to transport and aviation and maritime security inspections. Tasks may include examination of complaints, legal conformity assessments and drafting of decisions, opinions and reports.

In order to monitor the EEA EFTA States' application of the rules and procedures in the area of transport security, in particular Regulations (EC) No 2320/2002 and 300/2008 establishing common rules in the field of civil aviation security and Regulation (EC) No 725/2004 on enhancing ship and port facility security and Directive 2005/65/EC on enhancing port security, the successful applicant will carry out inspections of national authorities, airports, air opera-

tors, ports, recognized organisations and shipping companies in the EEA EFTA States. In addition to field work (examination of records, accounting, technical data and physical checks), the inspection tasks will consist of preparatory and concluding work in connection with the inspections. This position is placed in the Internal Market Affairs Directorate.

Essential:

- University degree in law or other relevant field, preferably with a postgraduate degree
- Specialized knowledge of the EEA/EU law in the relevant field
- At least three years of relevant professional experience
- The applicant must be of good repute and will be subject to security clearance

- Excellent oral and written command of English, and good working knowledge of either Norwegian or Icelandic
- Computer literacy
- Ability to work both independently and in a team in an international environment

Desirable:

- Experience in inspection methodology and object security
- Knowledge of international aviation and or maritime security rules (EU, ICAO/ECAC and or IMO) and (preferably) national regulations on aviation and maritime security

Deadline for application: 21 February 2011.

Questions regarding the post may be posed to Astridur Scheving Thorsteinnsson, Deputy Director, on +32(0)2 286 18 79.

BARNFÓSTRA/"AMMA" ÓSKAST

Fjölskylda í vesturbæ Reykjavíkur leitar að áreiðanlegri og barngóðri barnfóstru/"ömmu" til að gæta 9 mánaða stúlku og sinna léttum heimilisstörfum. Um er að ræða dagvinnu, 3-4 sinnum í viku, 3-4 klst. í senn. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í febrúar 2011. Laun eftir samkomulagi.

Vinsamlega sækjið um starfið með því að senda ferilskrá á vesturbaer2011@gmail.com fyrir 27. janúar nk. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 857 7761.

Sölufulltrúi - Stóreldhús

Heildverslun með matvæli sem selur vörur til stóreldhúsa óskar að ráða sölufulltrúa til starfa við sölu og markaðssetningu á vörum sínum. Matreiðslumenntun eða samþærileg menntun ásamt reynslu af störfum á þessum markaði er skilyrði. Leitað er eftir aðila með ríka þjónustulund og sterkan vilja til að ná árangri í góðum hópi starfsmanna. Ráðið verður í starfið sem fyrst. Umsóknir óskast sendar á netfangið box@frett.is merkt „Sölufulltrúi 221“ í s.l. miðvikudaginn 26.janúar n.k.

Tanntæknir óskast

Tannlæknastofa Sigríðar Rósu ehf óskar eftir starfskrafti í 60% stöðu tanntækis frá og með 1. mars 2011. Áhugasamir vinsamlegast sendið umsóknir og ferilskrá til Tannlæknastofu Sigríðar Rósu ehf, Réttarholtsvegi 3, 108 Reykjavík í síðasta lagi fyrir 15. febrúar 2011.

Laust starf forstöðumanns bókasafnsins í Neskaupstað

Neskaupstaður

Safnastofnun Fjarðabyggðar og Nesskóli auglýsa starf forstöðumanns bókasafnsins í Neskaupstað.

- Um er að ræða starf á almennings- og skólabókasafni.
- Starfsmaður þarf að hefja störf í byrjun mars eða eftir samkomulagi.
- Bókasafnið er í nýlegu húsnæði í Nesskóla.

Í húsnæði Nesskóla eru grunnskóli, tónlistarskóli og bókasafn. Starfsmenn eru um 55 og nemendur um 210. Íbúar Neskaupstaðar eru nú um 1500. Bókasafnið í Neskaupstað er samsteypusafn staðsett í grunnskólabyggingu Nesskóla og þjónar jafnt skólanum sem almenningi.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Krafa er gerð um framhaldsskólamenntun.
- Æskilegt er að starfsmaður hafi menntun í bókasafns- og upplýsingafræði og/eða kennslufræðum.
- Þekking á bókasafnskerfum s.s. landskerfi bókasafna æskileg.
- Góð almenn tölvuþekking.

Starfið er fjölbreytt og mikilvægt að starfsmaður hafi metnað í starfi, frumkvæði, sé sjálfstæður í vinnubrögðum, eigi auðvelt með samskipti við fólk og hafi áhuga og ánægju af vinnu með börnum og ungmennum. Þá þarf viðkomandi að vera jákvæður og skipulagður. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Launanevndar sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga.

Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar nk. Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu Fjarðabyggðar, www.fjardabyggd.is. Umsóknir sendist til Safnastofnunar Fjarðabyggðar, Hafnargötu 2, 730 Fjarðabyggð.

Safnastofnun Fjarðabyggðar áskilur sér rétt til að framlengja umsóknarfrestinn ef þörf krefur og hafna öllum umsóknum án þess að tilgreina ástæðu. Allar nánari upplýsingar gefa Pétur Sörensson forstöðumaður Safnastofnunar Fjarðabyggðar í síma 470 9063 og Marías Kristjánsson skólastjóri Nesskóla í síma 477 1124 og Óskar Þór Práinsson, fráfarandi forstöðumaður bókasafnsins í Neskaupstað í síma 659 8000.



FJARÐABYGGÐ | Þú ert á góðum stað

fjardabyggd.is

Mjóisfjörður

Norðfjörður

Eskifjörður

Reyðarfjörður

Fáskrúðsfjörður

Stöðvarfjörður

Snjóflóðavarnir í Neskaupstað Tröllagiljasvæði Varnargarðar og keilur ÚTBOÐ NR. 14685

Framkvæmdasýsla ríkisins, fyrir hönd Fjarðabyggðar og Ofanflóðasjóds óskar eftir tilboðum í verkið Snjóflóðavarnir í Neskaupstað – Tröllagiljasvæði – Varnargarðar og keilur

Verkið felst í að reisa snjóflóðavarnargarða og keilur á úthlaupssvæði snjóflóða úr Tröllagiljum. Um er að ræða um 660m langan þvergarð, um 420m langan leiðigarð og 24 snjóflóðavarnarkeilur. Í verkinu felst einnig mótun yfirborðs skeringa flóðmegin við garða og jöfnun yfirborðs garða hlémegin. Einnig felst í verkinu gerð vinnuvega, varanlegra vegslóða, gangstíga og áningarstaða. Jafnframt gerð drenskurða, lækjarfarvega og vatnsrása, lagning ræsa og jöfnun yfirborðs og frágangur.

Helstu magntölur eru:

Upptaka gróðurþekju og jarðvegs	180.000m ²
Klapparsprengingar/fleygun	160.000m ³
Fylling í jöfnunarlag undir kjarna	45.000m ³
Fylling í kjarna úr sprengdu efni	125.000m ³
Fylling í framhlið garðs og keilna	14.000m ³
Fylling í fláafleyga og leiðigarð	415.000m ³
Styrkingarkerfi - efni	14.000m ²
Styrkingarkerfi - uppsetning	14.000m ²
Göngustígar-fylling, burða- og yfirborðslag	21.000m ³
Malbik á stíga	3.500m ²
Varanlegir vegslóðar	2.500m ²

Verkinu skal vera að fullu lokið í september 2014.

Útboðsgögn verða til sýnis og sölu á kr. 3.500 hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7C, 105 Reykjavík frá og með mánudeginum 24. janúar 2011. Tilboðin verða opnuð hjá Ríkiskaupum, 08. mars 2011 kl.11.00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.



RÍKISKAUP

Útboð skila árangri!

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

Tilboð óskast



Tilboð óskast

í BRIAB flutningavagn, árgærd 1993, skemmdur eftir umferðaróhapp. Tilboð skilist inná heimasíðu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. (útboð tjónabíla) í síðasta lagi kl 07.00 að morgni 25. 01. 2011. Vagninn er til sýnis við Korngarða, 104 Reykjavík.

Einnig er bent á Sölutorg TM <http://www.tryggingamidstodin.is/solutorg> en þar eru til sölu bífreidar og munir í eigu félagsins



TRYGGINGAMIDSTÖÐIN
Sími 515 2000 / Fax 515 2020 / www.tryggingamidstodin.is

Tilboð óskast



Tilboð óskast

í Mercedes Benz Actros, árgærd 2006, skemmdur eftir umferðaróhapp. Tilboð skilist inná heimasíðu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. (útboð tjónabíla) í síðasta lagi kl 07.00 að morgni 25. 01. 2011. Bífreidin er til sýnis í Tjónaskoðunarstöð TM, Hamarshöfða 2 110 Reykjavík opnunartíma (frá 8.30 til 16.30 virka daga

Einnig er bent á Sölutorg TM <http://www.tryggingamidstodin.is/solutorg> en þar eru til sölu bífreidar og munir í eigu félagsins



TRYGGINGAMIDSTÖÐIN
Sími 515 2000 / Fax 515 2020 / www.tryggingamidstodin.is

Tilboð óskast



Tilboð óskast

í Bombardier Can-AM ATV Outlander 800 Max fjórhjól, árgærd 2007, skemmt eftir umferðaróhapp. Tilboð skilist inná heimasíðu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. (útboð tjónabíla) í síðasta lagi kl 07.00 að morgni 25. 01. 2011. Hjólið er til sýnis í Tjónaskoðunarstöð TM, Hamarshöfða 2 110 Reykjavík opnunartíma (frá 8.30 til 16.30 virka daga)

Einnig er bent á Sölutorg TM <http://www.tryggingamidstodin.is/solutorg> en þar eru til sölu bífreidar og munir í eigu félagsins



TRYGGINGAMIDSTÖÐIN
Sími 515 2000 / Fax 515 2020 / www.tryggingamidstodin.is



STARFATORG.IS

Laus störf hjá ríkinu

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Nýtt			
Sérfræðingur	Innanríkisráðuneytið	Reykjavík	201101/052
Ráðgjafi	Innanríkisráðuneytið	Reykjavík	201101/051
Sálfræðingur	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201101/050
Verkefnastjóri	Þjóðminjasafn Íslands	Reykjavík	201101/049
Lögfræðingur	Velferðarráðuneytið	Reykjavík	201101/048
Sérfræðingur	Velferðarráðuneytið	Reykjavík	201101/047
Nýdóktorsstaða í jöklafræði	Jarðvísindastofnun HÍ	Reykjavík	201101/046
Rannsóknamaður	HÍ, Ranns.st.í lyfja- og eituref.fr.	Reykjavík	201101/045
Kynningar- og vefstjóri	HÍ, hugvísindasvið	Reykjavík	201101/044
Sérfræðingur í barnahjúkrun	LSH, göngudeild BH	Reykjavík	201101/043
Læknir	LSH, rannsóknastofa í meinafr.	Reykjavík	201101/042
Hjúkrunarfræðingur	LSH, öldrunarlækningadeild C	Reykjavík	201101/041
Sálfræðingur	LSH, sálfræðiþjónusta á geðsv.	Reykjavík	201101/040
Lögfræðingur	Barnaverndarstofa	Reykjavík	201101/039
Sérfræðingur	Hagstofa Íslands	Reykjavík	201101/038
Sérfræðingur á upplýsingasviði	Seðlabanki Íslands	Reykjavík	201101/037
Sérfræðingur	Veðurstofa Íslands	Reykjavík	201101/036
Kerfisfræðingur	Íbúðalánastjóður	Reykjavík	201101/035

Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

Starfatorg.is

Staða verkefnisstjóra
AVS rannsóknasjóðs

Laus er til umsóknar staða verkefnisstjóra Rannsóknasjóðs til að auka verðmæti sjávarfangs, sem staðsettur er á Sauðárkróki. Um er að ræða fullt starf.

AVS rannsóknasjóður starfar á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og tók hann til starfa í ársbyrjun 2003. Yfir sjóðnum er sérstök stjórn. Strax í upphafi var lögð mikil áhersla á að sjóðurinn væri faglegur samkeppnissjóður og að gagnsæi væri í starfsemi hans auk þess sem byggt var upp gott samstarf við sjávarútveginn og tengdar greinar. Veittir eru styrkir úr sjóðnum til rannsóknaverkefna, sem auka verðmæti sjávarfangs. Styrkir eru veittir til verkefna sem taka á öllum þáttum sjávarútvegs og fiskeldis. Styrkir AVS rannsóknasjóðs eru til hagnýtra rannsókna og ætlaðir einstaklingum, fyrirtækjum, rannsókna-, þróunar- og háskólastofnunum. Stjórn sjóðsins forgangsraðar tillögum til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um styrki til rannsókna í þágu verkefna sem auka verðmæti sjávarfangs og styrkja samkeppnishæfni sjávarútvegsins.

Meðal helstu verkefna

- Samskipti, leiðbeiningar og þjónusta við stjórn sjóðsins.
- Samskipti og leiðbeiningar til umsækjenda.
- Móttaka, úrvinnsla og utanumhald styrkumsókna ásamt eftirliti með framgangi styrktra verkefna. Notast er við sérstakt skráningarkerfi sem sérstaklega hefur verið þróað fyrir sjóðinn. Kerfið gerir kleift að taka saman heildstæðar upplýsingar um allar umsóknir, verkefni og stöðu þeirra.
- Samskipti, leiðbeiningar og þjónusta við faghópa.
- Umsjón með heimasíðu sjóðsins og skjala- og gagna-vistunarkerfi.
- Útgáfa rafræns fréttabréfs.
- Gerð ársskýrslu.

Hæfnis- og menntunarkröfur

- Háskólapróf á sviði sjávarútvegs, náttúruvísinda eða á öðrum sviðum sem nýtast í starfi.
- Góð tölvuþekking og fjölbreytt reynsla af vinnu við ýmis tölvukerfi.
- Mjög gott vald á íslensku, ensku og einu norðurlandamáli og hæfni til að tjá sig í rituðu máli.
- Skipulagshæfileikar.
- Frumkvæði ásamt hæfni í mannlegum samskiptum, lipurð og sveigjanleiki.
- Þekking á sviði rannsókna og nýsköpunar er kostur.

Nánari upplýsingar um starfið veitir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið í síma 545 8300. Einnig má senda fyrirspurnir á netfangið postur@slr.stjr.is

Umsóknir skal senda til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4, 150 Reykjavík. Í umsókn skulu vera ítarlegar upplýsingar um menntun og fyrir störf, meðmælendur og fleira sem máli kann að skipta við ráðningu í starfið.



SJÁVARÚTVEGS- OG
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Umsóknarfrestur er til og með 10. febrúar 2011
Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á heimasíðu hans www.av.s.is

AVS rannsóknasjóður
í sjávarútvegi

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

**MEIRI
AFÞREYING**

m.visir.is

Fáðu Vísi í símann
og iPad!

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Visir.

visir.is

Tilkynningar



SJÁVARÚTVEGS- OG
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

**Reglugerð
um veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski 2011**

1. gr.

Allar veiðar á austur Atlantshafs bláuggatúnfiski eru óheimilar nema að fengnu leyfi Fiskistofu. Ákvæði reglugerðar þessarar taka til veiða á austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski á samningssvæði Atlantshafs túnfiskveiðiráðsins (ICCAT), þar með talið hafsvæði utan lögsögu ríkja og enn fremur innan lögsagna þar sem íslensk skip hafa rétt til veiða samkvæmt samningum eða sérstökum veiðileyfum. Leyfisveitingin er bundin við þau skip sem sækja um aflaheimildir á bláuggatúnfiski til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis innan frests sem auglýstur er í upphafi árs. Í umsókninni skal tilgreina áætlun um veiðarnar, m.a. um útbúnað skips, áætlaðar löndunarhafnir og ráðstöfun afla.

Leyfi til bláuggatúnfiskveiða skulu gefin út fyrir hvert almanaksár en ráðuneytinu er heimilt að fella úr gildi leyfi til bláuggatúnfiskveiða sé talin ástæða til að takmarka veiðarnar frekar eða endurskipuleggja stjórnun þeirra.

2. gr.

Á árinu 2011 er íslenskum skipum heimilt að veiða 78 tonn af bláuggatúnfiski miðað við afla upp úr sjó. Bláuggatúnfiskveiðar er einungis heimilt að stunda á línu.

3. gr.

Samkvæmt reglum ICCAT er aðeins heimilt að úthluta einu íslensku skipi veiðileyfi árið 2011.

Skilyrði fyrir útgáfu leyfis til bláuggatúnfiskveiða er að skip hafi leyfi til veiða í atvinnuskyni og hafi búnað til veiðanna. Ráðuneytið áskilur sér rétt til að hafna umsóknum sé ljóst að viðkomandi skip hafi ekki búnað til veiðanna eða að fyrirséð sé að það muni af öðrum ástæðum ekki stunda þær. Að öðru leyti skal hlutkesti skera úr um rétt umsækjenda til leyfis til bláuggatúnfiskveiða. Eftir að leyfi er veitt er óheimilt að endurúthluta því á árinu 2011 til annars skips nema skip hafi farist, eða vélarbilun valdi því að það geti ekki haldið til veiða. Aflaheimildir má ekki flytja milli ára.

Skip skulu landa afla á Íslandi í fyrirfram ákveðnum höfnum, sem Fiskistofa ákveður í samráði við útgerðir.

Veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski á línu eru heimilar frá 1. ágúst 2011 til ársloka á veiðisvæðinu norðan 42°00,00' N milli 10°00,00' V og 45°00,00' V.

4. gr.

Skipstjórar skulu skrá í afladagbækur sem Fiskistofa og Hafrannsóknarstofnunin leggja til, nákvæmar upplýsingar um veiðarnar í því formi sem skýrslurnar gera ráð fyrir og skila Fiskistofu þegar skip kemur næst til hafnar eftir að hafa stundað veiðar samkvæmt reglugerð þessari.

Veiðar á bláuggatúnfiski í landhelgi Íslands í tómsundum eða til eigin neyslu skal tilkynna til Fiskistofu eigi síðar en við löndun.

5. gr.

Þau íslensku fiskiskip sem leyfi hafa fengið til að stunda veiðar á samningssvæði ICCAT skulu vera búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu, hér eftir nefnd eftirlitsstöðin, um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Skipi er óheimilt er að halda úr höfn til veiða fyrr en starfsmenn eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skipstjóra að ofangreindur búnaður starfi eðlilega. Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga, sbr. 1. mgr., bilar, skal gert við hann við komi í næstu höfn. Þar til búnaðinum verður komið í lag, skal senda á annan hátt upplýsingar um staðsetningu skipsins á 6 klukkustunda fresti til eftirlitsstöðvarinnar. Einnig skulu tilkynningar skv. 6. gr. innihalda upplýsingar um staðsetningu skipsins.

6. gr.**Tilkynningar.**

Skip sem stunda bláuggatúnfiskveiðar á samningssvæðinu skulu senda eftirgreindar tilkynningar til eftirlitsstöðvarinnar:

Komutilkynning:

Skylt er skipstjóra skips að tilkynna til eftirlitsstöðvarinnar með ekki meira en 12 klukkustunda og að minnsta kosti 6 klukkustunda fyrirvara að það fari inn á viðkomandi samningssvæði til bláuggatúnfiskveiða á þetta við um veiðar innan íslenskrar lögsögu sem og utan. Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „COE“ sem komutilkynning.
4. Kallmerki skipsins.
5. Staðsetning skipsins í gráðum og heilum mínútum.
6. Áætlað aflamagn um borð miðað við afla upp úr sjó, sundurliðað eftir tegundum.
7. Dagsetning og tími.

Haldi skip til veiða úr íslenskri höfn skal það tilkynnt eftirlitsstöðinni á sama hátt.

Aflatilkynning:

Dag hvern sem skip er við túnfiskveiðar, skal skipstjóri tilkynna eftirlitsstöðinni um heildarafla síðasta sólarhrings, miðað við afla upp úr sjó, sundurgreindan eftir tegundum. Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „CAT“ sem aflatilkynning.
4. Kallmerki skipsins.
5. Afli frá síðustu aflatilkynningu í kg., miðað við afla upp úr sjó, sundurliðað eftir tegundum.
6. Fjöldi veiðidaga frá upphafi veiða, en frá síðustu aflatilkynningu hafi hún verið send.
7. Dagsetning og tími.

Lokatilkynning:

Þegar veiðiskip hættir veiðum skal það tilkynnt eftirlitsstöðinni. Jafnframt skal í tilkynningu tilgreina afla frá síðustu aflatilkynningu miðað við afla úr sjó, aðgreindan eftir tegundum og einnig löndunarhöfn eða löndunarstað. Lokatilkynningin skal send eigi síðar en 6 klukkustundum fyrir áætlaðan tíma í löndunarhöfn. Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „COX“ sem lokatilkynning.
4. Kallmerki skipsins.
5. Dagsetning og tími.
6. Afli frá síðustu aflatilkynningu í kg, miðað við afla upp úr sjó, sundurliðað eftir tegundum.
7. Fjöldi veiðidaga frá upphafi veiða, en frá síðustu aflatilkynningu hafi hún verið send.
8. Löndunarhöfn (áætlaður tími og dagsetning þar).
9. Dagsetning og tími.

Tilkynningar til Eftirlitsstöðvarinnar er hægt að senda með eftirfarandi sambandsleiðum: Tölvupóstfang sar@lhg.is, fax nr. 545 2001, Inmarsat C nr. 581 425101519 eða gegnum strandstöðvar á Íslandi.

7. gr.

Óheimilt er að styðjast við leit úr lofti við veiðar á bláuggatúnfiski.

8. gr.

Sé þyngd bláuggatúnfisks sem veiddur er undir 30 kg, skal honum sleppt lifandi.

9. gr.

Hverju skipi er óheimilt að stunda bláuggatúnfiskveiðar nema eftirlitsmaður á vegum Fiskistofu sé um borð. Þó er Fiskistofu heimilt að veita undanþágu frá skilyrði 1. ml. enda séu eftirlitsmenn um borð a.m.k. 20% þess tíma sem skip stundar bláuggatúnfiskveiðar. Skipstjóra er óheimilt að halda skipinu til bláuggatúnfiskveiða án eftirlitsmanns um borð án skriflegrar heimildar Fiskistofu þar að lútandi.

Útgerð skips skal greiða eftirlitskostnað skv. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 33, 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald. Útgerð skips með eftirlitsmann á vegum Fiskistofu um borð skal sjá honum fyrir fæði og aðstöðu án endurgjalds.

Fyrir hverja veiðiferð skal útgerð skips tilkynna Fiskistofu með a.m.k. 7 daga fyrirvara að fyrirhugað sé að halda til veiða.

10. gr.

Merkja skal hvern einstakan bláuggatúnfisk sem veiddur er af íslenskum skipum samkvæmt nánari fyrirmælum Fiskistofu og í samræmi við reglur ICCAT þar að lútandi.

Öllum bláuggatúnfiski sem veiddur er af íslenskum skipum sem og öllum bláuggatúnfiski sem fluttur er inn til Íslands eða seldur er á íslenskum markaði skal fylgja sérstakt rekjanleika-vottorð (e. bluefin tuna catch document, BCD) sem Fiskistofa gefur út.

Öllum bláuggatúnfiski sem endurútflytur er frá Íslandi skal fylgja sérstakt endurútflytnings-vottorð (e. bluefin tuna re-export certificate, BFTRC) sem Fiskistofa gefur út.

11. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerðir um veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski nr. 640, 4. ágúst 2010.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu 21. janúar 2011.

F. h. r.
Jóhann Guðmundsson
Hrefna Karlsdóttir.